

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 66/2020

2023/EES/19/20

frá 30. apríl 2020

## um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/819 frá 1. febrúar 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 að því er varðar hagsmunaárekstra, mat á félagslegum áhrifum og upplýsingar til fjárfesta á sviði evrópskra félagslegra framtakssjóða <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/820 frá 4. febrúar 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 að því er varðar hagsmunaárekstra á sviði evrópskra áhættufjármagnssjóða <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bda (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 593/2014):

„31bdb. **32019 R 0820**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/820 frá 4. febrúar 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 að því er varðar hagsmunaárekstra á sviði evrópskra áhættufjármagnssjóða (Stjtíð. ESB L 134, 22.5.2019, bls. 8).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bea (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2014):

„31beb. **32019 R 0819**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/819 frá 1. febrúar 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 að því er varðar hagsmunaárekstra, mat á félagslegum áhrifum og upplýsingar til fjárfesta á sviði evrópskra félagslegra framtakssjóða (Stjtíð. ESB L 134, 22.5.2019, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/819 og (ESB) 2019/820, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 frá 23. mars 2018 <sup>(3)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 134, 22.5.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 134, 22.5.2019, bls. 8.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 26, 30.1.2020, bls. 60 og EES-viðbætur nr. 6, 30.1.2020, bls. 51.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Clara Ganslandt***

formaður.